

28

6. marz

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég veiti hér með forsætisráðherra, Steingrími Steinþórssyni, umboð til þess að slita Alþingi, 70. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört að Bessastöðum, 6. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

29

7. marz

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Jens Nikolaj Kaj, verkamaður í Reykjavík, fæddur 3. febrúar 1906 í Danmörku.
2. Ádnegard, Ola Olsen, lögregluþjónn á Sauðárkróki, fæddur 5. júní 1910 í Noregi.
3. Breiðfjörð, Kenneth, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. janúar 1921 í Englandi.
4. Breiðfjörð William, verkamaður í Reykjavík, fæddur 6. des. 1919 í Englandi.
5. Eliassen, Bjarne Julius Edvin, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1915 í Danmörku. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Eyvin Frank, sem er fæddur 16. september 1938.
6. Eriksson, Konstantin W., pípulagningarmaður í Reykjavík, fæddur 28. nóvember 1879 í Finnlandi.
7. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
8. Hólmfríður Jónsdóttir, gagnfræðaskólakennari á Ísafirði, fædd 28. júlí 1907 á Íslandi.
9. Hunter, Peter John, sjómaður í Keflavík, fæddur 9. júní 1932 í Englandi.
10. Lange, Jóhannes Magnússon, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 6. ágúst 1930 á Íslandi.
11. Leifur Einar Bjarni Jóhannesson, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur 18. október 1921 í Danmörku.
12. Mikkelsen, Mangor Harry, mjólkurfræðingur á Selfossi, fæddur 11. nóvember 1918 í Danmörku.
13. Münch, Viktor Ferdinand Einar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 30. júní 1929 í Þýskalandi.
14. Mörk, Karen Kristjana, ekkja á Patreksfirði, fædd 28. júlí 1909 á Íslandi.